

Nr. 063 / 13 Hafdís SU 220**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2400
Smíðaður: Hafnarfjörður / Pólland 1999
Stærð: 29,9 brl. 68,2 bt.
Mesta lengd: 15,65 m Skráð lengd: 14,4 m
Breidd: 4,99 m Dýpt: 2,26 m
Vél: Caterpillar 336 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 4



Hafdís©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 13. desember 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirprúði Alfreðsdóttur

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. maí 2013 var Hafdís SU 220 á siglingu austur af Skrud. Veður: VNV 10-15 m/s.

Hafdís var á siglingu til Stöðvarfjarðar þegar gangtruflanir fóru að gera vart við sig, fyrst í ljósavélum og síðan í aðalvél. Skipverjar skiptu um Racorsíur en aðalvélin stöðvaðist þrátt fyrir það. Rafmagn á startgeymum kláraðist og startari gaf sig við að reyna að koma aðalvélinni í gang.

Óskað var eftir aðstoð og dráttarbáturinn Vöttur dró Hafdís til Eskifjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að um olústíflu var að ræða. Mikill gerlagróður hafði myndast í olútönkum sem stíflaði bæði lagnir og olúsíur;
- að skipstjóri taldi að þessi óhreinindi hefðu komið með olúu við olútöku;
- að olútankarnir eru síðutankar og að sögn skipstjóra getur rakamyndun átt sér stað við hitabreytingar. Enginn gróður var í fremri tönkum;
- að fram kom að tappað væri undan tönkum reglulega.

Nefndarálit:

Orsök atviksins voru óhreinindi í olúu.